

## Af hverju þarf ég Intune Company Portal?

Ef starfsmaður vill hafa aðgang að Office 365 kerfum (Word, Excel, Teams, Outlook, OneDrive o.s.frv) í símanum þarf hann að sækja appið Intune Company Portal. Það tryggir að aðeins leyfileg og örugg tæki hafi aðgang að viðkvæmum fyrirtækisgögnum eins og tölvupósti og Teams.

Forritið verndar gegn óheimilum aðgangi og óöruggum tækjum sem gætu haft áhrif á öryggi gagna – gögnin eru dulkóðuð sem þýðir að þau eru örugg, jafnvel þótt tækið glatist eða verði stolið.

*ATH! Vilji starfsmaður komast í Office 365 kerfin (Word, Excel, Teams, Outlook, OneDrive o.s.frv) utan netveggja spítalans (þar sem starfsmaður er tengdur interneti LSH) þarf hann að auðkenna sig í síma. Það er gert með appi sem heitir Microsoft Authenticator (sjá leiðbeiningar neðar í skjali).*

## Meira um öryggisstillingar Company Portal

Til að fylgja öryggisstefnum verða tæki að uppfylla ákveðnar kröfur, eins og að hafa PIN, fingrafar eða andlitsgreiningu, til að tryggja að enginn óviðeigandi fái aðgang að gögnum Landspítalans

Company Portal gerir Landspítala kleift að ganga úr skugga um að tækið sé í samræmi við öryggisstefnur, hvort það sé dulkóðuð og uppfylli allar öryggiskröfur.

Ef tækið tapast eða því stolið er hægt að fjarlægja fyrirtækisgögn úr tækinu án þess að persónuleg gögn séu snert.

### Hvað getur Landspítalinn séð og ekki séð?

#### Hann getur séð:

- Upplýsingar um tækið, eins og gerð þess, stýrikerfisútgáfu og hvort það sé í samræmi við öryggisstefnur
- Fyrirtækjaforritum eins og Outlook og Teams til að tryggja að þau séu örugg og uppfærð. Ef svo er ekki þá er hægt að sjá hvaða kröfur þarf að uppfylla til að tækið verði samhæft

#### Hann getur EKKI séð:

- Persónuleg gögn eins og tölvupóst, myndir, myndbönd eða skrár sem þú geymir í tækinu
- Persónuleg forrit eins og samfélagsmiðla eða skilaboðaforrit
- Vafraögu, símtöl, textaskilaboð eða notkun á símanum


# Hvernig sæki ég Intune Company Portal?

## Android


**ATH! Ef síminn var tengdur Microsoft öppum eins og t.d. Teams eða One Drive áður en þessi skráning fór fram þá þarf að eyða þeim öppum út úr símanum** (farðu í Stillingar (Settings), smelltu á Forrit (Apps/Application manager), veldu appið sem þú vilt eyða, smelltu á Fjarlægja (Uninstall).

ATH! Office 365 kerfið (og öppin sem því fylgja) **virka bara í sínum sem eru útgáfa 9** eða nýrri. Til að sjá útgáfunúmer er farið í **Stillingar – Um símann – Hugbúnaðarupplýsingar – Android útgáfa**


1. Opnaðu Play Store og leitaðu eftir **Intune Company Portal**. Það ætti að vera eitt af efstu öppunum sem birtist. Smelltu á **Setja upp** og svo **Opna**




2. Nú kemur upp skjár þar sem þú skráir þig inn í Company Portal. Smelltu á **Sign in** og leyfðu tilkynningar (þú getur breytt þessu síðar í **Stillingar**). Skráðu þig inn með Landspítala notendanafni og lykilorði.




3. Ef upp kemur skjár með titlinum **Nánari upplýsingar nauðsynlegar** (More information required) smellir þú á **Next**.
4. Nú birtist skjár sem mælir með því að þú hlaðir niður Microsoft Authenticator appinu. Hér smellir þú á **Ég vil setja upp aðra aðferð** (I want to set up a different method) og velur svo **Sími** í glugganum sem birtist.




5. Í næsta skrefi velur þú **Iceland** í efri textaglugganum (notar flettilistann), slærð inn símanúmerið þitt í neðri gluggann og smellir svo á **Áfram** (Next). Þá er þér sendur tölustafakóði í sms skilaboðum. Í næsta skrefi þarftu að slá kóðann inn. Svo smellir þú á **Áfram** og **Lokið**.




6. Næst kemur upp skjárin **Company Access Setup**. Smelltu á **Begin** (þá kemur upp skjár þar sem þú getur séð hvað Landspítalinn getur og getur ekki séð á tækinu þínu) og svo á **Continue**. Þá birtist Company Access Setup skjárin aftur. Smelltu á **Continue**.




7. Næst birtist skjárinn **Setja upp vinnuprófíl**. Smelltu á **Áfram** til að leyfa Company Portal að setja upp Vinnuprófíl (Work Profile) á símann þinn. Hann verður aðskilinn frá Einkaprófílnum (Personal Profile) þínum. Þetta gæti tekið örskamma stund. Næst smellir þú á **Continue**.




8. Nú fer tækið þitt (síminn) í skráningu og að lokum lítur hann út eins og að neðan (eftir því hvort þú smellir á **DEVICES** eða **SUPPORT**)



9. Síminn þinn er nú með bæði vinnuprófíl og einkaprófíl . Öll vinnutengd öpp birtast á vinnuprófílnum (m.a. Company Portal sem þú notar til að sækja öpp eins og Teams, Outlook, Word, Excel o.s.frv)



10. Í vinnuprófílnum er hægt að opna Play Store til að sækja öpp Landspítala.



11. Ef þú ert með persónulegan Outlook tölvupóst er hægt að setja hann upp með því að opna Play Store í einkaprófílnum og sækja Outlook þaðan. Sama er hægt að gera með OneDrive.